

Nefndasvið Alþingis  
velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 5. febrúar 2013  
1302006 IE

**Efni:** Umsögn Jafnréttisstofu um þált. um framkvæmdaáætlun í barnavernd, þskj. 582, 458. mál.

Með tölvubréfi dags. 24. janúar 2013 óskaði velferðarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um þált. um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014, þskj. 582, 458. mál.

Jafnréttisstofa fagnar því að þingsályktunartillagan sé komin fram og styður það að hún verði samþykkt.

Jafnréttisstofa minnir á að samkvæmt 17. gr. laga nr . 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skuli kynjasamþættingar gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana. Það þýðir að sjónarhorn kynjajafnréttis á að vera fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanatökufæri á öllum sviðum.

Nauðsynlegt er að tryggja að upplýsingar séu kyngreindar, sbr. 16. gr. jafnréttislaga, til þess að hægt sé að sjá hvort munur er t.d. á þjónustuhörf og/eða úrræðum fyrir drengi og stúlkur og hvort báðum kynjum sé mætt þar sem þeim best hentar. Sérstaklega minnir Jafnréttisstofa á mikilvægi kyngreiningar upplýsinga í tengslum við lið nr. 2.1.4 *Rannsóknir og greining*, í tillögunni. Varðandi lið 2.2.1. *Þróun meðferðarúrræða* er þetta jafnframt mjög mikilvægt. Þá má ekki gleymast að börn og unglingar eru strákar og stelpur og að foreldrarnir eru konur og karlar og það er ekki víst það sama eigi við varðandi bæði kyn. T.d. getur þurft að gæta þess sérstaklega að foreldri barns sem það hefur t.d. ekki forsjá með, heldur umgengni, fái upplýsingar og þjónustu. Í þeim hópi eru fleiri feður en mæður og meðvitund um það er mikilvæg.

Jafnréttisstofa bendir jafnframt á að gæta þurfi að því í nýrri meðferðarstofnun fyrir unglinga, sem fjallað er um í lið 2.2.3., að aðstaða og meðferðarúrræði henti bæði



## Jafnréttisstofa

stelpum og strákum, en kyn getur, kannski ekki síst á þessum aldri, haft áhrif á það hvað hentar og hvers þarf að gæta o.s.frv.

Jafnréttisstofa fagnar því sérstaklega að auka skuli þjónustu Barnahúss og stækka það eins og ráð er gert fyrir í lið 2.2.6. Ennfremur telur Jafnréttisstofa það mikilvægt að endurskoða verklag í því augnamiði að stytta afgreiðslutíma hjá Barnaverndarstofu, sjá lið 2.2.8.

Í lið 2.2.9. er sérstaklega fjallað um skráningu upplýsinga og samning við tiltekið fyrirtæki til að bæta skráningarkerfi. Jafnréttisstofa áréttar mikilvægi þess að skráningarkerfi séu þannig úr garði gerð að hægt sé að nálgast kyngreindar upplýsingar auðveldlega, en það er forsenda þess að hægt sé að veita þjónustu, meðferð og úrræði á jafnréttisgrundvelli. (Sjá 16. gr. jafnréttislaga.)

Sé frekari upplýsinga eða skýringa óskað, vinsamlegast hafið þá samband við Jafnréttisstofu.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir  
lögfræðingur